
9. fundur skólaráðs, haldinn í Lækjarskóla 8. febrúar 2011 kl. 8:18.

Gengið til dagskrár þar sem byrjað var á lið 5 og síðan lið 7 og þaðan var haldið áfram samkvæmt fundarboði:

1. **SMT hátíð.**

22. febrúar n.k. verður SMT hátíð með uppákomum í skólanum. Þá vinna nemendur í heimastofum og leiklistahópur fer um skólann og leikur reglur skólans fyrir nemendur og starfsfólk. Aðal uppbrotstíminn er 9:40 -11:00 en dagurinn er samt allur tileinkaður hátíðinni. Kl. 11.00 verður síðan skróðganga um skólann.

2. **Vetrafrí**

Vetrafrí verða 2 næsta skólaár

3. **Laxnesfjöðrin**

Það á að heiðra Lækjarskóla og nemendur hans með verðlaunaveitingu varðandi notkun íslenskrar tungu. Verðlaunin eru gefin af Erlingi Jónssyni listamanni og viðurkenningin er listaverk sem listamaðurinn kallar Laxnesfjöðrina. Af því tilefni stendur til að halda hátíð fyrir nemendur, foreldra og grenndarsamfélagið.

4. **Símenntun**

Send verður til skólaráðsfulltrúa „Könnun um væntingar eða þörf fyrir símenntun árið 2011“

Áhersla á vinnuvernd starfsmanna og skólinn mun skoða að það sé einnig áhersluatriði varðandi nemendur.

5. **Forvarnir**

Geir Bjarnason, forvarnarfulltrúi Hafnarfjarðarbæjar, kynnti skýrslu sem heitir: Ungt fólk 2010, Lífstíll nemenda í 8. - 10. bekk, gerð af Rannsókn og greiningu árið 2010.

Lækjarskóli kemur mjög vel út úr henni. Niðurstöður hafa verið að batna ár frá ári og ekki er nú í ár vitað um nemendur í Lækjarskóla sem reykja eða brúka annað tóbak.

6. **Fjárhagsáætlun**

Til skoðunar er hvort hagræða megi um allt að 10% í kennslumagni í grunnskólum Hafnarfjarðar sem er í anda svokallaðs þrír-fjórir-fimm niðurskurðar, þar sem sveitarfélög vonuðust til að fá menntamálaráðuneytið í lið með sér varðandi fækkun lögbundinna kennslustunda á hverju stigi. Þetta er að mati skólustjóra of mikið ofan á hagræðingu undangenginna missera. Lögbundinni kennslu verður að

sinna og til skaða verður ef sérkennsla verður skert sem og tímamagn í sérdeildir og sértæk úrræði. Millistjórnun á hugsanlega að minnka.

7. **Skóladagatal 2011-2012**

Skólasetning verður 23. ágúst.

Samþykkt var að hafa tvö vetrarfrí að hausti og vori.

Ákveðið að á skóladagatal 2011-2012 verði settar ýmsar upplýsingar á baksíðu þess.

8. **Frá foreldrafélaginu**

Foreldrafélögin eru að funda vegna niðurskurðar í Hafnarfirði o.fl. mála.

9. **Frá nemendaráði**

Framundan er grunnskólahátíðin sem haldin verður 16. febrúar.

Nemendur fá leyfi þann dag frá 12:30 og leiklistahópurinn fær leyfi allan daginn vegna sýningar sem hann tekur þátt í þennan dag.

Skólastjóri horfir á þetta sem námstilboð.

10. **Önnur mál**

Framfarastuðullinn í samræmdum könnunarprófum í Lækjarskóla er að meðaltali jákvæður.

Kynning á Pisa-könnun 2009 sem lögð er fyrir nemendur í 10. bekk á 3. ára fresti.

Fundi slitið kl. 9:25.

Fundinn sátu:

Haraldur Haraldsson, skólastjóri

Nanna Pétursdóttir, formaður foreldrafélags, fulltrúi foreldra

Elma Karen Sigþórsdóttir, gjaldkeri foreldrafélags, fulltrúi foreldra

Geir Bjarnason, varafulltrúi grenndarsamfélags í forföllum Hafrúnar Dóru Júlíusdóttur.

Hrönn Arnarsdóttir, fulltrúi kennara

Oddný Jóhannesdóttir, fulltrúi starfsmanna

Anna Karen Gunnarsdóttir, formaður nemendaráðs, fulltrúi nemanda

Hildur Elva Finnsdóttir, nemendaráði, fulltrúi nemanda

Fundargerð ritaði Sólrún Helgadóttir